

Alþingi
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 17. maí 2010

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um ívilnanir vegna nýfjárfestinga á Íslandi, 574.
Mál**

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samorka – Samtök orku- og veitufyrirtækja skila sameiginlegri umsögn um frumvarp þetta. Með því er ætlunin að binda í lög almennar reglur um ívilnanir sem ríki og sveitarfélögum er heimilt að veita vegna nýfjárfestinga hér á landi.


Að meginefni er ætlunin að unnt verði að veita svipaðar ívilnanir og gert hefur verið undanfarna áratugi. Sú venja hefur skapast vítt og breitt um heim að þeim sem hyggja á nýjar fjárfestingar eru boðnar tiltekna ívilnanir og keppast ríki, svæði og sveitarfélög um að laða til sín nýjan atvinnurekstur. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld láti ekki sitt eftir liggja og bjóði fram tiltekna og vel skilgreindar ívilnanir til þeirra sem hyggja á nýjar fjárfestingar hér á landi og að þær séu samkeppnishæfar við það sem tíðkast í nálægum ríkjum.

Í þeirri endurreisn sem íslenska hagkerfið stendur frammi fyrir eru nýjar fjárfestingar lykilþáttur til að auka útflutning, efla hagvöxt og draga úr atvinnuleysi. Ofangreind samtök telja að frumvarpið sé mikilvægt skref í þá átt og hvetja til þess að það verði samþykkt.


Virðingarfyllst,



Fh. Samtaka atvinnulífsins
Pétur Reimarsson



Fh. Samtaka iðnaðarins
Jón Steindór Valdimarsson



Fh. Samorku
Gústaf A. Skúlason